

Yfirlit umsagnaraðila og skjala

1. Veitur ohf
 - 1 Veitur_umsögn dags 30. sep 2025_Gunnarshólmi
2. Heilbrigðiseftirlitið
 - 2 HEF 1_umsögn Heilbrigðiseftirlitsins dags. 28. okt 2025_Gunnars
 - 2 HEF 2_umsögn Heilbrigðiseftirlitsins dags. 4. des 2025_Gunnarsh
 - 2 HEF 3_umsögn Heilbrigðiseftirlitsins dags. 5. feb 2026_Gunnarsh
3. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
 - 3 LHR_Lögregreglan_umsögn_dags. 15. jan 2026
4. Vegagerðin
 - 4 Vegagerðin_umsögn dags. 21. jan 2026_Gunnarshólmi
5. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
 - 5 Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins dags. 27. jan 2026
6. Strætó bs
 - 6 Strætó_umsögn dags. 29. jan 2026_Gunnarshólmi
7. Sorpa
 - 7 Sorpa_Umsögn dags 5. feb 2026_Gunnarsh



Reykjavík,
30/9 2025

Efni: Svar við bréfi Kópavogsbæjar vegna breytinga á svæðisskipulagi og áform um stækkun vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins óskaði eftir frekari upplýsingum frá Kópavogsbæ um eftirfarandi:

„Áhrif á veitufyrirtæki og vega- og gatnakerfi. Gerð sé grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðra áætlana á starfsemi veitufyrirtækja, vega- og gatnakerfi.“

Eins og fram kemur í bréfi Kópavogsbæjar er fyrirhuguð allt að 10 þúsund íbúa byggð ásamt húsnæði fyrir nýsköpun, heilsu og þjónustustarfsemi.

Um leið og ákvörðun um stækkun á vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins er á borði svæðisskipulagsnefndar vilja Veitur engu að síður minna á að vaxtarmörk gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eru afmörkuð af vatnsvernd og Græna treflinum til þess að tryggja aðgengi annarsvegar að stærri útivistarsvæðum og hinsvegar tryggja hreint ómengað neysluvatn til framtíðar.

Það er kjarnahlutverk Veitna að tryggja að vatnsbólin haldist ómenguð til framtíðar og vilja Veitur beita forvörnum ásamt mótvægisáðgerðum til að tryggja að svo verði. Í skýrslu Vatnaskila sem unnin var fyrir lóðarhafa í Gunnarshólma kemur fram að ekki sé hægt að útloka að uppbyggingin á svæðinu myndi ekki breyta núverandi gæðum vatnsins. Veitur hafa því áhyggjur af slíkum áformum á grundvelli vatnsverndarsjónarmiða. Markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um að drykkjarvatn skuli vera ómeðhöndlað (leiðarljós 4) krefst þess að staðinn verði vörður um vatnsverndarsvæðin.

Veitur vilja því vara við því að hefja umfangsmikla uppbyggingu utan vaxtarmarka og innan vatnsverndarsvæða af þeim sökum. Þá hafa Veitur áhyggjur af því að Gunnarshólmaverkefnið gæti verið fyrsta uppbyggingarverkefnið af mörgum sem skapað gæti fordæmi fyrir meiri uppbyggingu í grennd við vatnsvernd.

Í bréfi Kópavogsbæjar kemur jafnframt fram ósk um upplýsingar frá Veitum.

„hvort mögulegt sé að Gunnarshólmi og Geirland geti tengst veitukerfum Veitna. Í því felst einnig fyrirspurn um hvort að kerfi Veitna geti annað uppbyggingu á svæðinu m.a. með tilliti til fyrirhugaðra fjárfestinga í veitukerfum á Hólmsheiði.“

Varðandi veitustarfsemi á svæðinu ef af áformunum verður þá hafa Veitur skyldu til þess að þjónusta Kópavogsbæ þegar kemur að hitaveitu og rafveitu. Kópavogur rekur eigin vatnsveitu og fráveitu en Veitur taka við fráveitunni frá Kópavogsbæ á skilgreindum tengipunktum. Þá er Kópavogsbær hluthafi í Skerjafjarðarveitu. Hvað varðar lagningu veitukerfa utan skyldu þyrfti að skoða það sérstaklega m.t.t.



kostnaðar og reksturs en Veitur skilja um leið hagkvæmni þess þar sem veitukerfi bæjarfélagsins er langt frá fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði.

Veitur vilja einnig vekja athygli á því að rekstur fráveitu á vatnsverndarsvæði getur verið vandasöm framkvæmd og háð skilyrðum vatnsverndarsamþykktar.

Þá er einnig minnt á að ef af verkefninu verður þá munu framkvæmdir eiga sér þar stað um árabíl sem hafa í för með sér mengunarhættu en um það gilda sérstakar reglur um starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit viðkomandi umdæmis gefur út.

Í samantekt má segja að Veitur hafi áhyggjur af áformum Kópavogsbæjar ekki eingöngu vegna umfangs þeirra heldur einnig vegna fordæmisins. Á sama tíma skilja Veitur þörf fyrir uppbyggingu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og vilja vaxa með þeim.

Varðandi veitukerfin sjálf geta Veitur fullyrt að þau muni þjónusta hverfið hvað varðar skyldur fyrirtækisins ef af verður. Allt sem er umfram það þarfnast nánari skoðunar af hálfu Veitna og Kópavogsbæjar enda muni kostnaður hlaupa á milljörðum.

Virðingarfyllst;

Pétur Krogh Ólafsson
Forstöðumaður sjálfbærni og viðskiptaþróunar

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Andrea Kristinsdóttir verkefnastjóri

Kópavogur, 28. október 2025
Tilvísun: K-19147

Efni

Beiðni um viðbrögð heilbrigðiseftirlitsins varðandi fyrirhugaða uppbyggingu í Gunnarshólma og áform Kópavogsbæjar um breytingu á vaxtarmörkum.

Erindi skipulagsdeildar

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) var boðað til kynningar á fyrirhugaðri uppbyggingu í landi Gunnarshólma dags. 23. september sl. og þeim áformum Kópavogsbæjar að óska eftir að gerð verði breyting á vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins. Á fundinum gerðu ráðgjafar landeigenda Gunnarshólma grein fyrir áformum um uppbyggingu byggðakjarna á jörðinni, skipulag á svæðinu og hvernig ráðgjafar töldu að lágmarka mætti mengunarlíkur. Í framhaldinu var óskað eftir umsögn heilbrigðiseftirlitsins með erindi dags. 6. október sl. þar sem óskað er eftir viðbrögðum HEF varðandi fyrirhugaða uppbyggingu á Gunnarshólma í samræmi við þau gögn sem kynnt voru á fundinum og með hliðsjón af þeirri beiðni svæðaskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um að lögð yrðu fram frekari gögn varðandi verkefnið.

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Eins og fram kemur í fyrirspurn skipulagsins þá er byggingarreiturinn utan vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins, en innan vatnsverndarskipulags höfuðborgarsvæðisins. Á öryggissvæði vatnsverndar vegna vatnstöku í Gvendarbrunnum, Myllulæk og Jaðri. Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins tók gildi 19. júní 2015 og var samþykkt þess afrakstur ítarlegrar vinnu og samstarfs fulltrúa allra sveitarfélaganna. Sátt var um niðurstöðuna milli allra sveitarfélaga og voru verndarsvæði vatnsbóla skilgreind og ákveðin á grundvelli keyrslu grunnvatnslíkans verkfræðiskrifstofunnar Vatnaskila.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að með vísan til skipulagsins og samþykktarinnar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr.555/2015 hefur Kópavogsbær til þessa, aðeins samþykkt stöku framkvæmdir á öryggissvæði eða fjarvæði vatnsverndar og þá með ströngum fyrirvörum og skilyrðum. Sama gildir um önnur sveitarfélög. Þannig var því hafnað að skipulag um að ofanvatn frá atvinnulóðahverfi á Hólmsheiði yrði leitt í gegnum olúgildur og yfir í Hólmsá. Bæði vegna þess að mengunarefni gætu borist inná brunnsvæði sem og Elliðavatn sem yrði aldrei samþykkt sem móttaki frá byggð. Mengun sem skilar sér í Hólmsá en berst ekki í brunnsvæði, fer í Elliðavatn og ekki er heimilt að skerða vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand þess.

Heilbrigðiseftirlitið hefur áhyggjur að útfærsla vaxtamarka vegna uppbyggingar í Gunnarshólma gæti skapað fordæmi fyrir áframhaldandi uppbyggingu á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Bygging heils byggðakjarna ofar í vatnasviðinu er umtalsverð framkvæmd,

eins og kemur fram í þeim kynningargögnum sem hafa verið lögð fram. Framkvæmdatíminn er áætlaður í kringum átta ár, þar sem byggðar verði milli 500 til 600 íbúðir á ári. Þá verði fjöldi annarra bygginga reistar, bílakjallarar, vistkjallari, gatnakerfi, veitukerfi ásamt verulegu jarðraski á byggingartíma.

Á kynningarfundi 23. september sl. kom fram að ráðgjafar landeigenda telja að nýjar upplýsingar um grunnvatnsrennsli ásamt viðeigandi öryggisráðstöfunum tryggi öryggi vatnsbólanna. Heilbrigðiseftirlitið hefur óskað eftir nánari upplýsingum og kynningu á rennslislíkaninu þar sem ítarlega verður farið í þær breytingar sem orðið hafa á líkaninu sem útskýra viðsnúning á forsendum öryggissvæðis vatnsverndar frá 2015 til dagsins í dag. Jafnframt verði það útskýrt hvort áhætta frá starfsemi á öryggissvæðum vatnsverndar hafi verið ofmetin með tilliti til öryggis neysluvatnstöku þegar samþykktin var samþykkt í júní 2015.

Grunnvatnslíkanið hefur verið uppfært að töluverðu marki miðað við nýjustu mælingar og var hrundið af stað síritun grunnvatnshæðar í 20 holum á Hólmsheiði, og var þeim ætlað að styrkja enn frekar undir stoðir líkansins sem gæfu enn betri mynd af grunnvatnsstöðu svæðisins og sveiflu grunnvatnsborðs (Vatnaskil, 2014). Verkefninu var hins vegar ekki haldið áfram og var sett á ís árið 2015. Síritagögnum var safnað yfir nálægt 2 ára tímabil. Þegar síritamælingarnar lágu fyrir var ljóst að sveifla grunnvatnsborðs á Hólmsheiði var mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og var svo metið við útgáfu heildarendurskoðunar vatnsverndar árið 2015 (Vatnaskil, 2015) að ákvörðun grunnvatnsrennslis og efnadreifingar á þessu svæði og norðan Gvendarbrunna væri bundin verulegri óvissu og að taka þyrfti tillit til þessarar miklu sveiflu grunnvatnsborðs gagnvart áhættumati á síðari stigum uppbyggingar á svæðinu. Einnig þyrfti að leiðrétta fyrir misræmi milli mældrar og reiknaðrar grunnvatnshæðar í fjölmörgum holum á svæðinu sem ekki var talið praktískt að eiga við fyrir en síritamælingar lægju fyrir til stuðnings uppfærslunni.

Nauðsynlegt er að gera áhættumat eða dreifireikninga fyrir yfirborðsvatn, þar sem könnuð verði áhrif auð og tor leystrar mengunar ef til þess kemur að mengun berst í Hólmsá. Grunnflæði áa er að mestu grunnvatn, þar sem skil millil grunnvatns og yfirborðsvatns eru lítil og vatn getur færst milli fasa.

Áhættumat

Niðurstaða áhættumats VSÓ eftir mótvægisáðgerðir eru að öll atvik lenda í áhættuflokki eitt, þ.e. grænum flokki og áhætta framkvæmda á svæðinu gagnvart vatnsvernd því metin óveruleg. Niðurstöður Verkfræðistofunnar Vatnaskila gefa þó til kynna að ef upp kemur mengunarslys þar sem dísilolía fer niður innan skipulagssvæðis Gunnarshólma geti að lágmarki haft **nokkur til mikil áhrif** á brunnsvæði. Hér eru nokkur áhrif skilgreind sem 10-100 µg/l og mikil sem >100µg/l, en möguleg lykt finnst við 10 µg/l og farið er yfir lyktarmörk við 100µg/l. Til að ná 10 µg/l styrk í brunni þarf aðeins 200 l (ein tunna) af dísilolíu að leka á skipulagssvæði Gunnarshólma. Til að ná 100 µg/l styrk í brunni þarf 4000 l af dísilolíu að leka á skipulagssvæði Gunnarshólma. **Ef lykt finnst þarf að loka vatnsbóli.** Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ekki hefur verið gerð nákvæm módel á svæðinu um hve lengi tor leyst efni (olía) myndu hindra vatnsframleiðslu ef mengunarslys yrði á svæðinu. Neysluvatn á Íslandi er hreint og mengunarlaust og hluti af ímynd landsins, þau mörk sem hér eru nefnd eru neyðar viðbrögð og viðmið ef mengunar verður vart.

100% líkur eru á að flóð muni verða á svæðinu og er áætlað að með hlýnun jarðar aukist úrkoma um allt að 4,5% fyrir hverja gráðu sem hitastig hækkar (Vísindanefnd um loftslagsbreytingar,

2018) og er því ekki ólíklegt að atburðir t.a.m. með 10 ára endurkomutíma verði stærri og tíðari samfara hlýnun jarðar. Varðandi önnur atriði í áhættumatinu þá hefur ekki verið gerð grein fyrir ofanvatnslausnum né fráveitu og hvernig útfærsla þeirra kerfa verður háttað. Þá á eftir að meta áhættu á mengun sem gæti flætt út í flóði og hugsanlega borist að brunnsvæði eða grannsvæði með yfirborðsvatni.

Niðurlag

Allra varfærni verður að gæta þegar verið er að skoða áhrif framkvæmda á verndarsvæði aðalvatnsbóla þjóðarinnar. Öryggi neysluvatns stórs hluta þjóðarinnar þarf að byggja á fullnægjandi vitneskju um áhættuna af framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu, sem er byggt á umfangsmiklum jarðfræðirannsóknnum, raunverulegum tilraunum og gegnsæju módeli sem tekur tillit til jarðfræði svæðisins að fullu. Þar sem verkfræðiskrifstofan Vatnsskil eru eina vatnsfræðistofan á landinu og er ráðgjafi landeiganda þarf að skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að fá erlenda sérfræðinga til að yfirfara þau gögn sem liggja til grundvallar útreikningum, þannig að óumdeilt sé að öryggi neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu sé tryggt.

Heilbrigðiseftirlitið mun funda með Verkfræðiskrifstofunni Vatnaskilum og fara í ítarlega skoðun á forsendum líkansins og meta áreiðanleika þess. Fyrirhugaður er fundur í byrjun nóvember. Þá mun heilbrigðiseftirlitið upplýsa framkvæmdastjórn um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins um verkefnið og leggja fram þau gögn sem fyrir liggja. Þar mun heilbrigðiseftirlitið gera grein fyrir sinni afstöðu og ræða þær kröfur sem það telur að þurfi að fara út í varðandi rannsóknir, áherslur í áhættumati og önnur þau atriði sem að mati heilbrigðiseftirlits er nauðsynlegt að vinna, svo framkvæmdastjórn um vatnsvernd geti lagt fram sitt álit varðandi framkvæmdir og breytingar á skipulagi á öryggissvæði vatnsverndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Andrea Kristinsdóttir verkefnastjóri

Kópavogur, 4. desember 2025
Tilvísun: K-19147

Efni, Endurskoðun áhættumats vegna vatnsverndar fyrir Gunnarshólma og Geirland

Í framhaldi af minnisblaði Heilbrigðiseftirlitisins dags. 28. október 2025, lagði VSÓ ráðgjöf fram minnisblað dags. 6. nóvember 2025 þar sem gerð er nánari grein fyrir áhættumati vegna vatnsverndar fyrir Gunnarshólma og Geirland til að tryggja gæði neysluvatns og jafnframt var lagt fram uppfært áhættumat með ítarlegri skýringum á mótvægisáðgerðum og afleiðingum þeirra.

Grunnvatnslíkanið

Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir nánari upplýsingum og kynningu á rennslislíkaninu þar sem ítarlega verði farið í þær breytingar sem orðið hafa á líkaninu, þar sem sérstaklega verði horft til þeirra breytinga sem orðið hafa frá því samþykktir um vatnsverndasvæði höfuðborgarsvæðisins voru samþykktar 2015 til dagsins í dag. Þá verði jafnframt sérstaklega skoðað hvort áhætta frá starfsemi á öryggissvæðum vatnsverndar hafi verið ofmetin með tilliti til öryggis neysluvatnstöku þegar samþykktin var undirrituð í júní 2015.

Boðað var til fundar hjá Sambandi sveitarfélaga í höfuðborgarsvæðinu dags. 12. nóvember sl. þar sem fulltrúar Verkfræðistofunnar Vatnaskila fóru yfir helstu forsendur rennslislíkans höfuðborgarsvæðisins og þeim endurbótum og uppfærslum sem hafa orðið á rennslislíkaninu, bæði með öflun nýrra inntaksgagna og eins með innleiðingu nýrrar aðferðarfræði til að líkja eftir sambandi grunnvatns við yfirborð í árfarvegum og á lindarsvæðum.

Grunnvatnslíkanið hefur verið uppfært að töluverðu marki miðað við nýjustu mælingar og var hrundið af stað síritun grunnvatnshæðar í 20 holum á Hólmsheiði, og var þeim ætlað að styrkja enn frekar undir stoðir líkansins sem gæfu enn betri mynd af grunnvatnsstöðu svæðisins og sveiflu grunnvatnsborðs (Vatnaskil, 2014). Verkefninu var hins vegar ekki haldið áfram og var sett á ís árið 2015. Síritagögnum var safnað yfir nálægt 2 ára tímabil. Þegar síritamælingarnar lágu fyrir var ljóst að sveifla grunnvatnsborðs á Hólmsheiði var mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og var svo metið við útgáfu heildarendurskoðunar vatnsverndar árið 2015 (Vatnaskil, 2015) að ákvörðun grunnvatnsrennslis og efnadreifingar á þessu svæði og norðan Gvendarbrunna væri bundin verulegri óvissu og að taka þyrfti tillit til þessarar miklu sveiflu grunnvatnsborðs gagnvart áhættumati á síðari stigum uppbyggingar á svæðinu. Einnig þyrfti að leiðrétta fyrir misræmi milli mældrar og reiknaðrar grunnvatnshæðar í fjölmörgum holum á svæðinu sem ekki var talið praktískt að eiga við fyrr en síritamælingar lægju fyrir til stuðnings uppfærslunni.

Það er óljóst hvort þetta misræmi hafi verið leiðrétt, því Vatnaskil gefur ekki upp neina breytu sem lýsir óvissu á módeli, t.d. hve vel eða illa líkanreiknuð vatnshæð samræmis mældri vatnshæð. Við gerð rennslislíkans er þetta grundvallar skref til þess að sjá hversu traust líkanið er og hversu mikil nákvæmni líkanið sýnir með hliðsjón af raunverulegu rennslis.

Gæði og umfang gagna sem fer inn í líkanið hafa ekki verið dregin fram. Líklegt þykir að rennslislíkanið taka mið af gögnum úr nokkrum góðum síritunarholum, en að öðru leyti eru gögn

slitrótt og holurnar dreifðar. Vegna stærð svæðisins og hlutverks holanna sem eru einu af fáum tengingum við raunveruleikann, er mikilvægt að gæði gagna og umfang sé sýnd á greinagóðan hátt. Þess má geta að svæðið austur af Gunnarshólma er svo gott sem holulaust.

Áhættumatið

Verkfræðistofan Vatnaskil gerði dreifreikninga til að leggja mat á hversu mikil mengun gæti skilað sér á brunnsvæði ef óhapp verður á svæðinu, til að gefa mat á flutningstíma mengunar frá upptökum við grunnvatnsborðs til næsta vatnsbóls. Niðurstöður eru settar fram fyrir allt að 1.000.000 falda þynningu. Það vekur athygli þegar að í öðrum skýrslum frá Vatnaskilum er sýnd 100 milljón föld þynning.


Reiknuð dreifing mengunar er sýnd frá fimm völdum viðmiðunarstöðum sem eru merktir S1 til S5. Staðsetning þessara viðmiðunarstaða er að mati heilbrigðiseftirlits ekki sérstaklega varfærin. Þeir eru hvorki settir á þá staði þar sem raunhæft er að álíta að stærstu slysin verði t.d. á aðal aðkomuvegi né á jaðar skipulagssvæðis þar sem þynning myndi verða minnst. Bæta þyrfti við sviðsmyndum þar sem mengunarstaðir eru settir á jaðar áhrifa- eða skipulagssvæðis og á þá staði þar sem raunveruleg hættu er á stórslysum til að matið verði raunverulega varfærið.

Þrátt fyrir að atvikareikningar séu tímabundnir eru einungis sýndar stöðumyndir af mengunarskýi á tilteknum dögum. Fyrir verklag við viðbrögð og rekstur væri mikilvægt að sjá tímaraðir (breakthrough curves) af styrk í einstökum borholum í Gvendarbrunnum, t.d. með 6 klst. upplausn, til að meta hvenær mengun berst fyrst í brunn, hversu lengi hún varir og hvenær búast má við að farið verði yfir mörk.

Í skýrslunni er ekki heldur sýnt hvernig líkanið tekur tillit til jarðfræði svæðisins. Ekki er hægt að sjá kort né þversnið af sprungum, gengjum og útskotum né mismunandi lekt/leiðni, eða lagskiptingu í þrívídd. Þetta er mjög slæmt þar sem jarðfræði svæðisins er sá þáttur sem hefur hvað mestu áhrifin á flæði. Án þessara gagna er erfitt að segja til um hvort líkanið samræmist raunveruleikanum. Enn frekar þá er ekki skýrt hvort líkanið geri ráð fyrir aðdrætti/niðurdætti frá vatnsbólum eða hvort þessi aðdrætti aukist í framtíðinni. Þetta er stór veikleiki í áhættumatinu þar sem breyting í dælingu gæti þýtt að áhættumatið verður úrelt.

Sérstakir olíudreifingarreikningar fyrir mengunarslys í Gunnarshólma hafa ekki verið gerðir, heldur er stuðst við olíudreifingarreikninga frá Heiðmörk, þetta er að mati heilbrigðiseftirlitsins ófullnægjandi. Í þessum olíudreifingarreikningum verður að líta sérstaklega til styrks Alkylbensa á brunnsvæði. Alkylbensar eru gríðarlega lyktarsterkir og eru ásamt öðrum lyktarsterkum efnum, stærsta prósentan af uppleystri díselolíu. Lyktarmörk þeirra eru við 5 µg/l sem er mun lægra en lyktarmörk dísel sjálfs. Einnig þarf að skoða flutning frjálsa parts olíunnar sem blandast ekki heldur flýtur ofan á grunnvatni og getur borist út í næstu ár.


Í eldri gögnum frá Vatnaskilum um sama svæði, er sýnt að grunnvatn og mengun frá landi Gunnarshólma rennur beint inn á brunn og áhrifasvæði Gvendarbrunna og þaðan í Hrauntúnstjörn og áfram til Elliðavatns, sbr. mynd 1, hér að neðan þar sem teiknuð er dreifing mengunar.



At accident **site 8** the wells are threatened a week after an accident resulting in a large release (32 tons). The only well that definitely falls within the 0.1 mg/l parameter is one of the old ones that is not currently in use. But a cluster of the newer wells is clearly threatened. After a month the dilution has taken its toll and the 0.1 mg/l frontier has receded to a few hundred meters from the wells. A simulation for two weeks was regrettably never performed but the probability is high that the concentration frontier temporarily engulfed the aforementioned cluster before it receded. Regardless this scenario poses a substantial threat.

(Roosberg, J. og Þorsteinsson, D., 2002)

Einnig sýnir leiðnikort (K-kort) Vatnaskila fyrir höfuðborgarsvæðið að eldri hraunmyndanir undir Árbæ séu um **10–100 sinnum tregari** en Leitarhraun sem er yngra. (VSÓ ráðgjöf, 2025)



Mynd 8.5 Skilgreind bergleiðni í grunnvatnslíkani (Verkfræðistofan Vatnaskil, 2018). Staðsetning fyrirhugaðs efnistökusvæðis er innan rauða hringins.

Út frá vatnafræðilegu sjónarhorni væri eðlilegt að gera ráð fyrir að dreifing mengunar fylgdi flæði aðalgrunnvatnsstraumsins frá Gunnarshólma, með lægðum, hærri lekt og leiðni og færi því með Leitarhrauni sem er gropið og hriplekt meðfram Gvendarbrunnum í Elliðavatn og niður í Elliðárdal, fremur en að fara um þéttari eldri hraun, undir Norðlingaholti og Árbæjarhæð sem liggja hærra en Elliðárdalur.

Rökstyðja þarf betur af hverju flæði straumsins í grunnvatnslíkaninu er settur fram með þeim hætti sem áhættumatið er byggt á. Sýna þarf fram á það með jarðfræðilegum þversniðum, gildandi K-korti, jafnhæðarlínunum grunnvatns á svæðinu og raunverulegum ferilefna- (traser) mælingum. Þá er nauðsynlegt að framkvæma næmnisgreiningu (sensitivity analysis) á þeirri sviðsmynd sem notuð er gagnvart áhættumatinu og annarri sviðsmynd þar sem grunnvatnsstraumurinn er látinn liggja um Leitarhrauns-Elliðárdals leiðina og endurmeta og gefa upp þynningu og mengunarefnareikninga út frá þeirri leið. Þetta er mikilvægt, þar sem ef aðalgrunnvatnsstraumurinn fer um hina eðlilegu vatnafræðilegu leið (lægðir og hærri lekt) þá gæti verið að sú sviðsmynd sem er notuð vanmeti mengunarhættuna.

Í kafla 5.2 er dregið saman að ein af niðurstöðum olíudreifingarreikninganna í Heiðmörk sé að „*olían flýtur ekki ofan á grunnvatninu heldur blandast grunnvatninu sem leiðir til þess að blöndunardýpi getur verið töluvert*“. Samhliða er í viðauka D lýst einföldun þar sem díselolía er reiknuð með eins konar meðaltalseiginleikum og niðurstöður sýna að uppleyst olía dreifist niður um 10–30 m í grunnvatnsleiðaranum. Í Gunnarshólma-hlutanum er síðan gengið út frá því að allt mengunarefni sé fulluppleyst og blandist samstundis yfir 30 m þykkt leiðarans. Þessi nálgun er í beinni andstöðu við viðmið Efla (2017) fyrir Sandskeiðslínu þar sem *sérstaklega* er gengið út frá því að olía sé léttari en vatn, haldi sig ofan á grunnvatni og blöndunardýpi sé um 1 m (smear zone). Heiðmerkur- Gunnarshólma nálgunin er einnig í ósamræmi við almenna viðurkennda lýsingu á hegðun léttfljótandi kolvetna (LNAPL), þar sem frjáls olíufasi situr á vatnsborði og mengað smear-zone er yfirleitt aðeins nokkra metra á þykkt. Með því að gera ráð fyrir djúpri, jafnri blöndun yfir 10–30 m þykkt er í raun verið að dreifa sama massa mengunar yfir margfalt stærra rúmmál en líklegt er að gerist náttúrulega. Þetta leiðir til verulegs vanmats á líklegum hámarksstyrk við brunnsvæði fyrir tiltekið slys. Enn frekar hefur þetta óvenjulega dreifingardýpi þau áhrif að straumstefna olíu í grunnvatni er ónáttúruleg. Streymi raunverulegrar olíu og mengunarefna frá henni myndi vera í efstu lögum grunnvatns og ferðast með yngra, lekara hrauni. Þessi straumstefna væri líklega mjög frábrugðin straumstefnu sem fyndist í lægri jarðlögum. Þetta gæti verið munurinn á því að mengun berist með sunnanverðu hrauninu og endi í Elliðavatni eða Hrauntúnstjörn eða eins og nú er gert ráð fyrir, enda með því að fara í gegnum Árbæinn. Heilbrigðiseftirlitið gerir athugasemd við þetta og telur eðlilegra að tala um 5-10 m dýpi, erlendis er talað um þunnt smear zone. Athygli er vakin á því að þessi munur gæti líklega breytt niðurstöðum skýrslunnar verulega. Skýrslan sjálf segir að dreifingardýpi hefur gríðarleg áhrif á mengunarstyrk í brunnsvæði. Engin varfærni er í því að gera ráð fyrir svona miklu dýpi, án umfangsmikils rökstuðnings. Í þeim rökstuðningi þyrfti að vitna í skýrslu/grein þar sem sambærileg ákvörðun var álitin eðlileg.

Sú uppbygging sem ætluð er á svæðinu þýðir að mikið af yfirborði í nágrenni Hólmsár, s.s. götur, bílastæði og hús, bæta við miklu flatarmáli af ógegndræpu yfirborði, sem eykur verulega hættu á bæði flóðum og mengun í ána. Vatn sem áður lak niður í gróður og jarðveg og fyllti upp í grunnvatn fer þá í miklu meira mæli beint í ofanvatnskerfi og út í ána, sem veldur sneggri og hærri rennslistoppum, auknu rofi á bökkum og meiri flóðahættu. Ofan af ógegndræpu yfirborði skolest safnað ryk, olía, þungmálmar, salt og önnur veg- og borgarmengun með fyrsta rigningarpúlss beint í ána, í stað þess að sitja eftir og brotna niður í jarðvegi. Sú mengun gæti svo borist áfram til

vatnsbóla og Elliðavatns. Einnig er líklegt að ástand og eðli vatnshlotsins muni breytast til hins verra.

Mótvægisaðgerðir (t.d. bann við eldsneytistöndum, takmarkanir á jarðefnaökutækjum, spillivarna-búnaður og blágrænar ofanvatnslausnir) eru að mestu lýstar á almennum nótum en án bindandi tækniforskrifta eða skýrrar ábyrgðar á framkvæmd og viðhaldi til framtíðar. Þar sem um er að ræða aðalvatnsból höfuðborgarsvæðisins þarf skýrt að liggja fyrir hvort og hvernig slíkar mótvægisaðgerðir verði festar í skipulags- og starfsleyfisáttum og hver beri ábyrgð á að þeim sé fylgt eftir.

Að mati heilbrigðiseftirlitisins er nauðsynlegt að gera áhættumat eða dreifireikninga fyrir yfirborðsvatn, þar sem könnuð verði áhrif auð- og torleystar mengunar ef til þess kemur að mengun berst í Hólmsá. Hafa þarf í huga að grunnflæði áa við Gunnarshólma er að mestu grunnvatn, þar sem skil milli grunnvatns og yfirborðsvatns eru lítil og vatn getur færst milli fasa. Skoða þarf sviðsmynd þar sem auð- og torleyst mengun berst í Suðará. Þess má geta að Gvendarbrunnar taka vatn sitt nánast frá yfirborði og eru því sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun frá yfirborðsvatni eða úr efsta yfirborði grunnvatns.

Þá er nauðsynlegt að gera áhættu- og dreifingarreikninga fyrir fráveitu, með sviðsmyndum þar sem skólplögn og dæluhús lekur. Ekki hefur verið metið fyllilega áhættu frá skólpi, vírusum, viðvarandi mengun tengd húsum, umferð, þungmálmum og lyfjum. Kortleggja þarf dreifingu og áhættu frá þessum þáttum.

Gera þarf ferilefna (traser) rannsóknir í öllum borholum í og niður af Gunnarshólma til þess að komast að því betur hvar aðalgrunnvatnsstraumurinn er, með því er mögulega hægt að sannreyna grunnvatnslíkanið. Hægt er að gera þetta með náttúrulegum ferilefnum (t.d. Deuterium og Klóríð) og hefur það áður verið gert í vatnsbólunum á svæðinu með ágætum niðurstöðum (Vaiva Čypaitė, 2015).

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitisins



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri HEF

Heimildir

Vaiva Čypaitė, 2015, Determination of groundwater flow in SW Iceland with environmental tracers, Master's thesis, Faculty of Earth Sciences, University of Iceland, pp. 76

Roosberg, J. og Þorsteinsson, D., 2002. Environmental and Health Risk Management for Road Transport of Hazardous Material. M.S. Thesis, Report no. 5114, Department of Chemical Engineering II, University of Lund, Sweden. December 2002.

Efla, 2017. Áhættumat vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði. Skýrslunúmer 001. Unnið fyrir Landsnet.

VSÓ Ráðgjöf (2025) *Efnistaka úr Undirhlíðum: Mat á umhverfisáhrifum*. Unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ. Reykjavík: VSÓ Ráðgjöf. Verk nr. 24128, september 2025

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Andrea Kristindóttir verkefnastjóri

Kópavogur, 5. febrúar 2026
Tilvísun: K-19147

**Efni, endurskoðun áhættumats vegna vatnsverndar fyrir Gunnarshólma og Geirland.
Viðbótarupplýsingar við minnisblað frá 4. desember 2025.**

Þessum viðauka er ekki ætlað til að koma í staðinn fyrir Minnisblöð 1 og 2 heldur að varpa ljósi á framvindu málsins síðan minnisblað 2 var gefið út og bæta samhengi við Minnisblað 2.

Á fundi heilbrigðiseftirlitsins og Vatnaskila fékk heilbrigðiseftirlitið góða kynningu á grunnvatnslíkaninu. Aukið gengsæi eykur verulega trúverðugleika líkans og ljóst að ný gögn og upplýsingar tryggja þróun og áreiðanleika grunnvatnslíkansins.



Grunnvatnslíkanið hefur í kringum hundrað góðar síritunarholur og einstaka mælingar í fleiri holum. Hægt er að gera ráð fyrir að vatnshæðargögnin séu almennt þokkalega góð og sérstaklega góð í kringum Gvendarbrunna. Dreifing holanna er mjög breytileg og því er hægt að áætla að þar sem holurnar eru þétt saman sé líkanið tiltölulega nákvæmt en þar sem holurnar eru strjálar er líkanið tiltölulega ónákvæmt. Hægt er að nota staði þar sem grunnvatn sker yfirborð sem eins konar borholur/grunnvatnsglugga en þess má geta að svæðið austur af Gunnarshólma er svo gott sem holulaust og hefur fáa grunnvatnsglugga.


Samsvörun reiknaðrar og mældrar grunnvatnshæðar var mjög góð í nokkrum holum á Gunnarshólma-Gvendarbrunna svæðinu en verri í öðrum. Samsvörunin virtist vera almennt betri í straumstefnuátt en holurnar sem voru fjær straumstefnuátt höfðu verri, en samt meðalgóða samsvörun. Ljóst er af fundi þessum að grunnvatnslíkanið gefur eins góða mynda af svæðinu eins og kostur er, en að svæðið er mjög krefjandi og gögn misgóð eins og áður hefur komið fram. Gott væri að yfirlit/kort af samsvörun með R^2 , RMSE, NSE eða sambærilegum gæðastuðli fylgi gögnum sem lögð verða fram í skipulagsferlinu fram undan.

Í Minnisblaði 2 var gerð athugasemd við að dreifing var ekki sýnd niður í 100 miljónfalda þynningu. Ástæðan fyrir þessu var til að koma í veg fyrir mistúlkun á umfangi mengunar. Þó að það sé góð ástæða þykir gott að sýna dreifingu niður í 100 miljónfalda þynningu upp á að sjá frekari mögulega dreifingu. Einnig er það mikilvægt þar sem sum efni eins og Bensen eru skað- og krabbameinsvaldandi í öllu magni, þó að viðmiðunarmörk séu ekki dregin við agnarstyrk.

Athugasemd var einnig gerð varðandi dreifingardýpi og hegðun olíu. Ástæðan fyrir því var óheppilegt orðalag. Gera þarf betur grein fyrir þessu í gögnum sem lögð verða fram í skipulagsferlinu fram undan.

Á fundinum kom fram að grunnvatnslíkanið ynni núna með uppfærðan aðalgrunnvatnsstraum á svæðinu sem samlagast venjulegum vatnafræðilegum forsendum s.s. vatn leitar í lægri, lekari svæði. Lektarkort svæðisins hefur líka verið uppfært og endurspeglar núna jarðfræði svæðisins mun betur.







Nýtt lektarkort með uppfærðum skilyrðum.

Einnig hefur verið breytt mjög markarskilyrðum (boundary conditions) í kringum Elliðaavatn. Elliðaavatns-Norðlingaholtssvæðið er mjög flókið en gríðarlega mikilvægt upp á straumstefnu grunnvatnsstraumsins á svæðinu. Ljóst er að uppfært lektarkort endurspeglar jarðfæði svæðisins mun betur, þá sérstaklega í kringum Elliðaavatns-Norðlingaholtssvæðið þó rökstyðja mætti lekt Norðlingaholts. Erfitt er að vita fullkomlega hver hin rétta lekt er á hverju svæði en þetta kort kemst líklega nálægt henni. Frá þessum lektarkortum er síðan reiknaður nýr grunnvatnsstraumur.

Eldra líkan



Uppfært líkan



Mikill munur er á þessum tveimur grunnvatnsstraumum en sá uppfærði fer ekki í sama magni í gegnum Norðlingaholt og lítur út fyrir að dreifa mengunarefnum frá Gunnarshólma nær Gvendarbrunnum. Vatnaskil gerðu hins vegar næmnigreiningu á fyrri leið grunnvatnsins og á nýju leiðinni og fundu að þeirra sögn ekki mikinn mun þar á. Ýtarleg greinagerð með dreifingarreikningum frá uppfærðu líkani þarf að fylgja þessu.

Einnig má nefna að sú framsetning sem Vatnaskil sýndu í skýrslu fyrir Veitur 2025 er mjög auðlesanleg og væri ákjósanlegt að svoleiðis framsetning myndi fylgja þeim gögnum sem lögð verða fram í skipulagsferlinu fram undan. Í skýrslu fyrir Veitur er einnig sýnt á góðan hátt styrk og dreifingu Bensens en Bensen ásamt Alkylbensen eru þau efni sem þarf að líta til hve mest þegar horft er til heilsufars og lyktaráhrifa.

Svo unnt verði að meta áhættu frá skipulagssvæðinu þarf í skipulagsvinnu fram undan að leggja fram gögn út frá öllum þessum uppfærðu forsendum. Vinna þarf áhættumat út frá nýjum upplýsingum sem fram hafa komið þannig að hægt sé að taka afstöðu til áhættumats með hliðsjón af þeim nýju upplýsingum sem búið er að bæta í grunnvatnslíkanið. Á framangreindum fundi heilbrigðiseftirlitsins og Vatnaskila voru aðilar sammála um að góð skref væru stigin í átt að fá bætta mynd á málið. Heilbrigðiseftirlitið gengur því út frá að brugðist verði við þeim athugasemdum sem lagðar hafa verið fram sem og þeim sem kynnu að koma til viðbótar í lýsingarferlinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri HEF



LÖGREGLAN

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu. Hverfisgata 113-115 – 105 Reykjavík – Sími 444100.

Reykjavík 15.01.2026.

Umsögn Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu um **Breytt svæðisskipulag. Gunnarshólmi og Geirland í Kópavogi**

Fulltrúar lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu (LRH) voru boðaðir á fund hjá Kópavogsbæ þann 16. desember 2025 þar sem Kópavogsbær kynnti fyrirhugað íbúahverfi fyrir allt að 10 þúsund íbúa við Gunnarshólma og Geirland í Kópavogi. Kópavogur biður með bréfi dagsett 19. desember 2025 um skrifleg svör við neðangreindum spurningum

Hvers konar upplýsingar þurfi að liggja fyrir á þessu stigi verkefnis til að meta áhrif uppbyggingar á nýju hverfi á starfsemi lögreglu?

Þær upplýsingar sem liggja fyrir á þessu stigi málsins eru nægjanlegar til að meta áhrif á starfsemi lögreglu. Miðað við núverandi uppbyggingu LRH myndi að öllum líkindum lögreglustöð nr. 4 (Vínlandsleið) fá þetta svæði undir sitt útkallsumdæmi.

Þætti sem varða aðgengi viðbragðsaðila að hverfinu?

Aðgengi að íbúahverfinu byggist fyrst og fremst eftir akstri neyðarökutækja eftir Suðurlandsvegi. Þar sem um stórt íbúahverfi er að ræða er það ein af meginkröfum LRH að gerð verði mislæg gatnamót þar sem innakstur verði inn og út úr hverfinu.

Má reikna með að opna þurfi nýja stöð í nágrenni / á svæði?

Nei, ekki við fyrstu sýn.

Þarf að taka tillit til aldurssamsetningar hverfis?

Nei.

Er hægt að tengja áætlanir við uppbyggingu á Hólmsheiði?

Ekki hægt að svara á þessu stigi máls.

Almenn viðbrögð lögreglunnar á þessu stigi máls

Viðbrögð LRH eru almennt góð og fyrirhugað skipulag íbúahverfis til fyrirmyndar er varðar umferð innan svæðis.

TRAUST - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Hverfisgata 115 - 105 Reykjavík - Sími: 444 1000

AF

MR

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



LÖGREGLAN

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Virðingarfyllst,

F.h Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu

Árni Friðleifsson

Árni Friðleifsson Aðstoðaryfirlögregluþjónn Umferðardeild

Heimir Ríkardsson

Heimir Ríkardsson Aðstoðaryfirlögregluþjónn Lögreglustöð 3.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

TRAUST - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Hverfisgata 115 - 105 Reykjavík - Sími: 444 1000

Svæðisskipulag - lýsing

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélög:	Kópavogsbær
Nafn:	Andrea Kristinsdóttir, verkefnisstjóri aðalskipulags
Netfang:	andrea.kristinsdottir@kopavogur.is

Svæðisskipulag, lýsing:

Nafn skipulags:	Skipulagslýsing vegna breyttra vaxtarmarka - DRÖG
Ráðgjafi:	Gunnarshólmi og Geirland í Kópavogi
Dags. gagna:	VSÓ ráðgjöf
Málsnúmer á skipulagsgátt:	21. jan 2025
	Barst ekki í gegnum skipulagsgátt

Síða 1/3

Í erindi frá Kópavogsbæ dags. 19. 12. 2025 er óskað efir skriflegum svörum frá Vegagerðinni varðandi drög að lýsingu fyrir breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarinnar til 2040. Áður átti Kópavogsbær fund með Vegagerðinni dags. 9. desember 2025 um líkleg áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á starfsemi Vegagerðarinnar. Sér í lagi var óskað eftir viðbrögðum vegna:

- Suðurlandsvegur, m.a. m.t.t. aukinnar umferðar.
- Tvöföldun Suðurlandsvegur og mislæg gatnamót.
- Umferðaröryggi, greiðfærni og hönnunarkröfur á svæðinu.
- Fyrirhugaðs vistloks á starfsemi Vegagerðarinnar.
- Landsbyggðarstrætó sem gengur um Suðurlandsveg

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar sem er m.a. að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Vegagerðin bendir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði og þá sér í lagi að ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda.

Veghelgunarsvæði er 30m að breidd til hvorrar handar frá miðlínu vegarins. Sérstakar reglur gilda fyrir veghelgun við vegamót.

Vegagerðin leggur áherslu á að fyrirhuguð byggð verði löguð að vegi eins og hann er sýndur á deiliskipulagi sem og þeirri veghelgun vegna framtíðar vegamóta sem þar er sýnd.

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2307-1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Umferð

Samkvæmt landspá Vegagerðarinnar má búast við að umferð á Suðurlandsvegi við Gunnarshólma geti orðið á bilinu 24.000-26.000 bílar/shr. ÁDU árið 2050. Samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er umferðarrýmd 2+2 vegar með planvegamótum ≤ 25.000 ÁDU.

Framlögð hugmynd að breytingu á svæðisskipulagi gerir ráð fyrir uppbyggingaráformum sem eru fyrir utan vaxtarmörk svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Ljóst er að ný byggð mun kalla á aukna umferð sem mun öll leita á Suðurlandsveg. Samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir gildandi svæðisskipulagi og því er ljóst að skoða þarf hvaða áhrif breytingar á vaxtamörkum hafa á ferðamynstur og ferðamátaval á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að samhliða mögulegum breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins verði unnið nýtt heildar umferðarlíkan.

Vegagerðin óskar eftir að unnið verði samgöngumat til að meta umfang breytinganna. Leggja þarf mat á umferð á framkvæmdartíma og eftir að svæðið er komið í rekstur. Leiðbeiningar um gerð samgöngumats má finna hjá Vegagerðinni. Sérstaklega þarf að skoða hvaða breytingar þarf að gera á akstri almenningssamgangna.

Síða 2/3

Breikkun Suðurlandsvegur

Vegagerðin minnir á að árið 2023 var samþykkt deiliskipulag hjá Kópavogsbæ sem nær til Suðurlandsvegur á þessum slóðum sem byggði á hönnun Hringvegur. Þar er gert ráð fyrir tvöföldun vegarins og skipulagðar bráðabirgðalausnir sem eiga að anna umferð og auka umferðaröryggi þar til fjármagn verður tryggt fyrir mislæg vegamót. Vegagerðin hefur lagt áherslu á að ljúka breikkun vegarins og tilheyrandi framkvæmdum sem fyrst enda er umferð þar orðin umtalsverð. Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030 er gert ráð fyrir fjármagni til að vinna að tvöföldun vegarins á milli Gunnarshólma og Hólmsár á árunum 2027 og 2028. Tvöföldun Suðurlandsvegur á milli Hólmsár og Bæjarháls er svo áætluð á árunum 2030-2036/2040. Ekki er fjármagn í gerð mislægra vegamóta á Samgönguáætlun 2036-2040.

Vegagerðin

Vistlok

Í hugmynd Kópavogsbæjar kemur fram að byggt skuli vistlok yfir Hringveg á um 1200 m löngum kafla. Vegagerðin bendir á að slíkar lausnir eru afar kostnaðarsamar í byggingu og rekstri og hafa ekki verið byggðar fyrr á Íslandi. Skoða þarf gaumgæfulega umferðarspár til að tryggja að greiðfærni og umferðarrýmd á þjóðveginum. Sérstaklega þarf að huga að hönnun og öryggismálum svo sem brunavörnum. Einnig er nauðsynlegt að hjáleid séð til staðar, ef loka þarf á umferð á veginum undir vistlokinu eða við flutning á hættulegum farmi, þar sem að Suðurlandsvegur er eini stofnvegurinn á þessu svæði.

Vegagerðin leggur áherslu á að hafi sveitarfélagið í hyggju að breyta núverandi deiliskipulagi í samráði við Vegagerðina að önnur lausn sé að lágmarki jafn örugg og greiðfær og sú sem nú liggur fyrir. Jafnframt er ljóst að ef um dýrari lausn er að ræða mun sveitarfélagið bera kostnað af mismuninum. Sjá Vegalög nr. 80/2007. Jafnframt ber Vegagerðin ekki kostnað vegna hljóðvarna við veginn. Vegagerðin minnir á að skv. skipulagslögum nr. 90/2013 skal ekki staðsetja íbúðir nær stofnvegum en 100 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
Forstöðumaður skipulagsdeildar.

Skjal þetta er undirritað á rafrænan hátt.

Síða 3/3

Vegagerðin

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Kópavogsbær
b.t. Andreu Kristinsdóttur
verkefnastjóra aðalskipulags

Reykjavík, 27. janúar 2026

Varðar: Breytt svæðisskipulag – vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins við Gunnarshólma og Geirland í Kópavogi

Kópavogsbær átti fund með SHS þann 18. desember 2025 um líkleg áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á starfsemi SHS og óskaði í kjölfarið eftir skriflegum viðbrögðum varðandi erindið í bréfi dags. 19. desember 2025.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) er byggðasamlag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem sinnir slökkvi- og björgunarstarfi ásamt eldvarnaeftirliti fyrir þau sveitarfélög samkvæmt lögum um brunavarnir. Auk þess sinnir SHS sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands fyrir hönd ríkisins.

SHS fagnar því að leitað sé til þess svona snemma í ferlinu svo hægt sé að taka tillit til og/eða bregðast við vegna þeirra atriða sem snúa að brunavörnum, slökkvi- og björgunarstarfi ásamt sjúkraflutningum.

Eftirfarandi eru þær spurningar sem fram komu í erindinu og svör við þeim.

1. Eru einhverjar upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir á þessu stigi til að hægt sé að meta líkleg áhrif skipulagsbreytinga á starfsemi SHS?

Í raun þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir að teknu tilliti til þeirra ábendinga sem koma fram í svörum SHS hér fyrir neðan. Upplýsingarnar eru því nægar á þessu stigi.

2. Staðsetningu slökkvistöðva m.t.t. uppbyggingar á Gunnarshólma. Má reikna með að þurfi sérstakt viðbragð innan Gunnarshólma?

Í reglugerð um starfsemi slökkviliða 747/2018 kemur fram að miða skal við að útkallseining slökkviliðs sé komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mínútna frá útkalli. Innan þess tíma rúmast boðun og undirbúningur, auk aksturstíma.

Í vinnu við framtíðaruppbyggingu starfsstöðva SHS voru gerðar greiningar á viðbragðstíma á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal hermun á aksturstíma. Við þá vinnu varð niðurstaðan að taka mið af 7,5 mínútna aksturstíma fyrir slökkvibifreiðar.

Viðmið viðbragðs hvað varðar sjúkraflutninga er samkvæmt kröfulýsingu, sem byggir á alþjóðlegum viðmiðum um að í bráðatilfellum skuli viðbragðstími, frá boðun sjúkrabifreiðar þar til hún kemur á vettvang, vera innan 7 mínútna í 90% tilfella.

Ljóst er að fyrirhugað uppbyggingarsvæði á Gunnarshólma liggur nokkuð fyrir utan ofangreind viðmið. Vegna þess fjölda sem áætlað er að búi á svæðinu er ljóst að gera þarf ráðstafanir vegna viðbragðstíma slökkviliðs og sjúkraflutninga.

3. Hefur staðsetning uppbyggingar áhrif á kostnað sveitarfélaganna vegna viðbragðs SHS?

Já, á grundvelli svars við spurningu 2. Koma þyrfti upp nýrri starfsstöð sem næði til alls svæðisins innan 7,5 mínútna aksturstíma að hámarki.

4. Eru ákveðnir þættir sem þarf að bregðast við vegna aldurssamsetningar hverfisins?

Taka þarf tillit til notendahópsins þegar kemur að hönnun bygginganna og lóðanna og á það bæði við um brunavarnir og aðkomu- og umferðarleiðir innan- og utanhúss.

Eldra fólk getur verið viðkvæmur hópur og sýnir tölfraði sjúkraflutninga aukna tíðni sjúkraflutninga með hækkandi aldri. Á 25 ára afmæli SHS árið 2025 kom fram að þrátt fyrir að 20% íbúa höfuðborgarsvæðisins væru 60 ára og eldri væru 55% sjúkraflutninga á svæðinu vegna þess aldurshóps, skv. tölfraði ársins 2024. Heildarfjöldi boðana í sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu árið 2025 var 38.860.

5. Eru ákveðnir þættir sem þarf að huga að á þessu stigi varðandi aðkomu SHS?

a. Aðgengi tækja m.t.t. vistkjallara og vistloks?

b. Aðgengi frá Suðurlandsvegi?

a) Taka þarf tillit til brunavarna og heildaröryggis í upphafi hönnunar vistkjallara/vistloks, en einnig aðkomu og athafnasvæðis tækja slökkviliðsins.

b) Aðgengi frá Suðurlandsvegi (og inn á hann) ætti að vera sem næst þjónustunni, það er í átt að byggðinni á höfuðborgarsvæðinu. Það aðgengi ætti helst að vera á fleiri stöðum, til að stytta viðbragðstímann, svo ekki þurfi að fara langt á minni vegum innan hverfisins.

Þegar kemur að sjúkraflutningum er ekki síður mikilvægt að komast hratt og örugglega út úr hverfinu en inn í það. Huga ætti að því að ekki þurfi að fara langar leiðir inni í vistgötum á leið inn og út úr hverfinu.

6. Hefur nálægð svæðisins við atvinnusvæði á Hólmsheiði áhrif á hagkvæmni varðandi viðbragð á Gunnarshólma?

Vinna við framtíðaruppbyggingu SHS tók ekki á þeirri uppbyggingu sem nú er fyrirhuguð á Hólmsheiði. Mögulega gæti orðið einhver hagkvæmni ef starfsstöð slökkviliðs og sjúkraflutninga SHS gæti sinnt báðum svæðum.

7. Almenn viðbrögð slökkviliðsins á þessu stigi máls. Bent er á að um er að ræða snemmtækt samráð þar sem verkefnið er enn ekki komið á lýsingarstig.

Tryggja þarf akstursleiðir slökkvi- og sjúkrabifreiða inn og út úr hverfinu og hafa þær útfærslur áhrif á viðbragðstímann sem einnig þarf að tryggja að sé ásættanlegur, þá ekki síst með tilliti til áætlaðrar aldurssamsetningar.

Mikilvægt er að hönnun húsa taki tillit til notendahópsins og starfseminnar sem á að fara fram á svæðinu og að horft sé til framtíðarlausna.

Taka þarf tillit til brunavarna og aðkomu og athafnasvæðis tækja slökkviliðs strax í upphafi við hönnun vistkjallara/vistloks.

Virðingarfyllst,

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Birgir Finnsson slökkviliðsstjóri

Aldís Rún Lárusdóttir varaslökkviliðsstjóri



Reykjavík, 29.1.2026

Efni: Gunnarshólmi og Geirland í Kópavogi. Breytt svæðisskipulag. Vaxtamörk höfuðborgarsvæðisins. Svar til Kópavogsbæjar

Kópavogsbær átti fund með Strætó 16. desember 2025 varðandi Gunnarshólma. Í kjölfar fundarins var óskað eftir skriflegum viðbrögðum varðandi nokkur atriði sem Strætó svarar hér að neðan.

- *Hvers konar upplýsingar þurfi að liggja fyrir á þessu stigi verkefnis til að meta áhrif uppbyggingar á nýju hverfi á starfsemi Strætó?*

Helstu upplýsingar sem Strætó þyrfti á þessu stigi eru upplýsingar um gatnakerfi á svæðinu. Einnig upplýsingar um áætlanir varðandi fjölda fólks á svæðinu, íbúar og starfsfólk, til að getað áttáð sig á farþegagrunninum ásamt upplýsingum um starfsemi. Þá er mikilvægt að fá tímaáætlun hvenær búist er við að fólk komi á svæðið og hversu mikil fjölgunin verður í skrefum. Þetta allt hjálpar til að meta hvenær byrja þarf þjónustu almenningssamgangna ásamt því hvernig þjónustu þarf hverju sinni í uppbyggingarfasa.

- *Möguleika þess að tengja kerfið leiðakerfi höfuðborgarsvæðisins.*

Líkt og farið var yfir á fundinum eru nokkrir valkostir mögulegir. Hagkvæmast væri að ræða við Vegagerðina sem sér um akstur almenningssamgangna á landsbyggðinni og semja um að leiðir sem aka Suðurlandsveg (leiðir 51 og 52) þjónusti stoppistöð við svæðið. Hugmyndin sem rædd var um á fundinum að hafa stöð nálægt Suðurlandsvegi og nálægt gatnamótunum gæti t.d. verið góður kostur. Leiðir 51 og 52 aka í dag frá Mjódd og eftir Suðurlandsvegi. Leið 51 ekur að Selfossi og leið 52 ekur að Höfn. Í dag aka t.d. leiðir 57 og 50 inn Kjalarnes, en Reykjavíkurborg hefur þá borgað með leiðinni til að Vegagerðin aki þar inn. Mikilvægt er að leiðir aki sem beinustu leið og það sé sem minnstur krókur á leiðinni.

Annar valkostur er að skoða pöntunarþjónustu þar sem farþegar gætu pantað með vissum fyrirvara ferð (í dag eru það 30 mín fyrir skipulagða brottför). Þá yrði bara ekið þegar ferð er pöntuð. Þessi aðferð er t.d. nýtt á svæðum sem eru að byggjast upp, úr alfaraleið eða með dreifða byggð. Skoða þyrfti hvert slík pöntunarþjónusta ætti að aka, slík leið gæti ekið að Norðlingaholti og tengst þar kerfi höfuðborgarsvæðisins, eða ekið



lengra og endað t.d. við Álfkonuhvarf, Árbæ eða Mjódd. Í dag eru slíkar leiðir borgaðar af því sveitarfélagi sem biður um slíka leið. Í dag er bæði pöntunarleið og landsbyggðarleiðir sem stoppa við Kjalarnes.

Ef áform standast og mikill fjöldi fólks mun búa í Gunnarshólma gæti verið tilefni til að skoða hefðbundna leið almenningssamgangna. Sú leið yrði þó alltaf kostnaðarsöm þar sem um er að ræða töluverða vegalengd og stórt svæði á milli með enga áfangastaði eða íbúðabyggð. Hægt væri að bæta við nýrri leið sem myndi tengja nýtt hverfi við höfuðborgarsvæðið.

Ef ný leið þjónustar svæðið þyrfti leiðin að vera með endastöð á svæðinu. Endastöðvar þurfa aðstöðu fyrir vagnstjóra til að komast á salerni ásamt kaffiaðstöðu. Í dag eru t.d. víða gámar sem tengdir eru við vatn, rafmagn og skulp sem nýttir eru á endastöðvum. Einnig er mikilvægt að vagn geti snúið við á endastöð.

Fyrir alla þessa valkosti þyrfti að koma ósk frá Kópavogsbæ um þjónustu við Gunnarshólma. Stjórn Strætó þarf í dag að samþykkja nýjar leiðir eða lengingar á núverandi leiðum. Fram undan eru þó breytingar á fyrirkomulagi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og ekki ljóst hvernig ákvarðanir verða teknar um tillögur að breytingum eftir að nýtt fyrirkomulag kemst á.

• *Möguleika og samlegðaráhrifum þess að tengja svæðið með strætóleiðum milli höfuðborgarsvæðisins og Hveragerðis/Selfoss?*

Ef uppbyggingin sem rædd var á fundinum verður að veruleika er líklegt að nýtt hverfi verði með töluvert af íbúum og starfsfólki. Stór farþegagrunnur á svæðinu styður við að landsbyggðarleiðirnar stoppi á svæðinu. Þá er einnig komin tenging milli Hveragerðis og Selfoss við Gunnarshólma sem m.a. styrkir stórhöfuðborgarsvæðið sem eitt vinnusóknarsvæði. Þetta þarf alltaf að gerast í samvinnu við Vegagerðina.

• *Möguleiki á að uppbygging á Gunnarshólma geti styrkt farþegagrunn fyrir tengingu við atvinnusvæði á Hólmsheiði.*

Almennt þegar leið er skipulögð er best að það séu áfangastaðir eða byggð samfleytt meðfram leiðinni til að nýta hana sem best. Nú er Hólmsheiði á leiðinni að Gunnarshólma þannig að ef farþegagrunnur verður nægur á Hólmsheiði og aðgengi með vagni að svæðinu verður hentugt fyrir akstur almenningssamgangna er möguleiki á að tengjast báðum svæðum. Almennt er leitast eftir því að leiðir aki sem beinustu leið og aki sem minnst króka og því er mikilvægt að aðkoma að mögulegri stoppistöð valdi sem minnstum krók fyrir leið að aka.



- *Almenn viðbrögð Strætó á þessu stigi máls*

Strætó fagnar því að þjónusta almenningssamgangna sé rædd á skipulagsstigi. Til að tryggja að þjónusta fyrir svæðið sé möguleg er mikilvægt að vagnar geti ekið skynsamlega leið inn á svæðið án mikilla króka og að stoppistöðvar séu skipulagðar samhliða. Þá er einnig gott að gera ráð fyrir að leið geti snúið við á svæðinu ef tekin yrði ákvörðun um að hefðbundin leið myndi þjónusta svæðið ásamt því að gera ráð fyrir plássi og lagnatengingum þannig að hægt sé að koma upp aðstöðu fyrir vagnstjóra á endastöð. Gott er að hugsa þjónustu almenningssamgangna á uppbyggingartímabili í skrefum og meta þörf á þjónustu reglulega í gegnum árin. Þá er mikilvægt að Kópavogsbær geri ráð fyrir auknum kostnaði við að þjónusta nýtt svæði með almenningssamgöngum úr alfaraleið í sínum rekstraráætlunum og vera vakandi fyrir hvenær byrja þarf þjónustu og vera í góðu samtali við Strætó við undirbúning hennar. Þá er ágætt að nefna að rekstur almenningssamgangna er mun erfiðari og dýrari eftir því sem byggð þenst. Hagkvæmast er fyrir rekstur almenningssamgangna að byggð sé sem þéttust og samfelldust.

Virðingarfyllst, fh. Skipulagsdeildar Strætó bs.

Sólrún Svava Skúladóttir

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni

Til: Andreu Kristinsdóttur, verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogsbæjar

Efni: Gunnarshólmi og Geirland í Kópavogi. Breytt svæðisskipulag. Vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins.

5. febrúar 2026

Áform um uppbyggingu í Gunnarshólma og Geirlandi í Kópavogi

Ferill máls

Vísað er í erindi frá Kópavogsbæ, þann 19. desember þar sem áformum um uppbyggingu í Gunnarshólma og Geirlandi í Kópavogi er lýst. Í erindinu er því lýst að stækka eigi vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins við Gunnarshólma og Geirland í Kópavogsbæ. Fyrirhugað er að koma þar fyrir 6 til 7 þúsund búsetueiningum fyrir allt að 10 þúsund íbúa og húsnæði fyrir nýsköpun, heilsu og þjónustustarfsemi

Kópavogsbær átti fund með SORPU dags. 18. desember 2025 um líkleg áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á starfsemi SORPU og sendi í kjölfarið erindi þar sem óskað eftir skriflegum viðbrögðum varðandi erindið. Þá helst varðandi:

- Eru einhverjar upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir á þessu stigi til að hægt sé að meta líkleg áhrif skipulagsbreytinga á starfsemi SORPU og sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu?
- Hefur staðsetning uppbyggingar áhrif á kostnað sveitarfélaganna vegna sorphirðu?
- Hefur nálægð svæðisins við atvinnusvæði á Hólmsheiði áhrif á hagkvæmni varðandi sorphirðu á Gunnarshólma?
- Almenn viðbrögð SORPU á þessu stigi máls

Eru einhverjar upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir á þessu stigi til að hægt sé að meta líkleg áhrif skipulagsbreytinga á starfsemi SORPU og sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu?

Á fundi með aðilum máls þann 18. desember var farið vel og ítarlega yfir áformin sem um ræðir. Kynning þróunaraðila og umræður á fundinum gáfu glögga mynd af verkefninu og fyrirætlunum þróunaraðila.

SORPA bs. lítur á þróun og stækkun höfuðborgarsvæðisins vera málefni sveitarfélaganna á svæðinu og hefur lagt sig fram við að þróa innviði og starfsemi til að takast á við stækkun svæðisins á næstu áratugum. SORPA bs. hefur á að skipa sterkum innviðum, s.s. grenndar- og móttökustöðvum og viðskiptasamböndum sem tryggja að mikið magn úrgangs fer í endurvinnslu til að tryggja að lögbundnum markmiðum sé náð.

Í ljósi þess að SORPA fer ekki með sorphirðu fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur SORPA ekki forsendur til að meta hvaða áhrif uppbyggingin hefði á sorphirðu.

Hefur staðsetning uppbyggingar áhrif á kostnað sveitarfélaganna vegna sorphirðu?

SORPA bs. rekur fyrir hönd eigenda sinna, sem eru sveitarfélögin sex sem sameinast hafa í ýmsum málum, grenndarstöðvar. Ef þróunarverkefnið verður skilgreint sem íbúðabyggð þá þarf sveitarfélagið Kópavogur að gera ráð fyrir því að setja upp grenndarstöðvar fyrir að lágmarki glerumbúðir, málma og textíl, eins og tilgreint er í lögum um skyldur sveitarfélaganna í söfnun heimilisúrgangs. Einnig þarf Kópavogsbær að gera ráð fyrir að bjóða út sorphirðu ef verkefnið er skilgreint sem íbúabyggð.

Nú þegar er verið að flytja úrgang á milli heimila og söfnunarstöðva á vegum SORPU bs. eða einkaaðila og því um vel þekkta starfsemi að ræða. Fjarlægð Gunnarshólma og Geirholts frá helstu söfnunarstöðvum er ekki meiri en gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Engar líkur eru að uppbygging í Gunnarshólma hafi kostnaðaráhrif út fyrir Kópavogsbæ en vert er að minna á að samkvæmt lögum ber sveitarfélögum skylda til að innheimta raunkostnað við sorphirðu og úrgangsmeðhöndlun. Kópavogsbær þarf því að ákveða hvort svæðið falli undir samninga sem nú þegar eru í gangi um sorphirðu eða bjóði svæðið sérstaklega út. Ef staðsetning hefur áhrif á kostnað mun það koma fram í útboðum og Kópavogsbær þarf, eins og áður hefur verið tilgreint, að innheimta raunkostnað.

Hefur nálægð svæðisins við atvinnusvæði á Hólmsheiði áhrif á hagkvæmni varðandi sorphirðu á Gunnarshólma?

Það er hugsanlegt að hægt væri að ná fram hagkvæmni á svæðinu. Nú er málum þannig fyrirkomið að sorphirða er á forræði sveitarfélaganna og sjá um það innan sinna sveitarmarka. Á Hólmsheiði verða líklegast byggt atvinnuhúsnæði sem rekið verður af lögaðilum og því ekki á forræði sveitarfélagsins að sinna sorphirðu og engar skyldur væru á Reykjavíkurborg í þessu tilviki að setja upp grenndarstöðvar.


Hinn anginn af málinu er að um er að ræða sitthvort sveitarfélagið, þ.e. Reykjavík og Kópavog, sem sögulega séð hafa ekki staðið sameiginlega að sorphirðu. Almennt er talið að samlegð af sameiginlegri sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu sé til staðar vegna þróunar á mörkum aðliggjandi sveitarfélaga, en mörg hver eru orðin samvaxin.

Samlegðaráhrifum og hagkvæmni í sorphirðu væri þannig einna helst náð ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu myndu auka samstarf sín á milli á sviði sorphirðu.

Almenn viðbrögð SORPU á þessu stigi máls

Byggð á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið á undanförunum áratugum og hefur þjónusta við íbúa vaxið með vaxandi byggð. Engar hömlur eru á stækkun þjónustu SORPU bs. við íbúa og telja stjórnendur SORPU bs. að höfuðborgarsvæðið geti vaxið og þróast á sama hraða á næstu áratugum án þess að SORPA bs. þurfi að fjárfesta í innviðum er stuðla að uppbyggingu hringrásarhagkerfis á höfuðborgarsvæðinu. SORPA bs. lítur á verkefnið sem um er rætt eins og hvert annað þróunarverkefni og er ekkert sérstakt við það sem ætti að kalla á sérstaka skoðun af hálfu SORPU bs.

Virðingarfyllt,



Jón Viggó Gunnarsson
Framkvæmdastjóri SORPU bs.